

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Leik- og grunnskólasvæðis á Hofsósi.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 25. fundi sínum 18. mars 2024 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Leik- og grunnskólasvæðis á Hofsósi. Breytingin felur í sér 12 m² stækkun á byggingarreit grunnskólans vegna fyrirhugaðrar byggingar lyftuhúss norðan á elstu skólabygginguna. Umrædd viðbygging var fyrir utan byggingarreit í gildandi deiliskipulagi en var stór liður í því að bæta aðgengi hreyfihamlaðra um húsið.

Engar athugasemdir bárust í grenndarkynningu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar – Eyrarvegur 20.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 26. fundi sínum 10. apríl 2024 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar. Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóð Eyrarvegur 20 er stækkaður um 174 m² að vestanverðu. Engar athugasemdir bárust í grenndarkynningu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 16. júlí 2024.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.